

Ytra mat grunnskóla

Smáraskóli

október 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kópavogsbæ

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Gunnhildur Harðardóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2404-0

Innihald

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	8
Upplýsingar um Smáraskóla	9
Niðurstöður	10
Þáttur 1 - Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	10
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	11
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	12
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.2 Árangur náms	15
2.3. Gæði kennslu.....	19
2.4 Skipulag náms.....	19
2.5 Námsvitund	20
2.6 Ábyrgð og þátttaka	21
Þáttur 3 - Innra mat	23
3.1 Skipulag.....	23
3.2 Framkvæmd.....	23
3.3 Umbætur	23
Þáttur 4 – Upplýsingatækni í skólastarfi.....	25
4.1 Nám nemenda og notkun þeirra á tækni	25
4.2 Kennsluhættir	26
4.3 Samskipti heimilis og skóla	26
4.4 Stjórnun	27

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Smáraskóli í Kópavogi sem fór fram á haustönn 2019. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *upplýsingatækni í skólastarfi/ spjaldtölvunotkun í námi og kennslu*.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla að mestu öll viðmið aðalnámskrár.
- Stefna skólans og sveitarfélagsins er sýnileg í skólastarfinu.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir í kennslu eru ræddar.
- Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu.
- Skólalæping er góður vettvangur til að leita eftir sýn og hugmyndum skólasamfélagsins.
- Skólaráð fundar reglulega og tekur virkan þátt í stefnumótun skólans.
- Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.
- Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta.
- Kannanir meðal nemenda og foreldra sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda og annarra starfsmanna.
- Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á ýmsum verkefnum. Samkvæmt foreldrakönnun MMS eru foreldrar almennt ánægðir með þá þætti sem snúa að námi og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Hafa samráð við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótum og endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Endurskoða stefnu skólans reglulega.
- Vinna markvisst með einkunnarorð skólans með nemendum og gera þau sýnilegri í skólastarfinu.
- Setja starfáætlun á heimasíðu í upphafi skólaárs og endurskoða ýmis gögn á síðunni.
- Gæta þess að undirbúa nýbreytniverkefni vandlega með öllum hlutaðeigandi.
- Vinna að símenntunaráætlun/starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn þar sem fram koma tímasetningar, ábyrgðaraðilar og hvernig einstaklingar geta sótt sér starfsþróun.
- Kynna öllum hagsmunaaðilum reglugerð um réttindi og skyldur allra aðila skólasamfélagsins.
- Kynna markvisst fyrir foreldrum stoðþjónustu skólans og sveitarfélagsins.
- Birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu.
- Skrá verklag hvernig gögn um árangur og líðan nemenda, s.s. kannanir og skimanir, eru nýtt til eflingar árangurs.
- Gera fundargerðir teyma sýnilegar og opinberar.
- Gæta þess að hagsmunaaðilar skólasamfélagsins komi að endurskoðun skólareglna.

- Láta verktaka og aðra sem vinna tímabundið í skólanum skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.
- Stjórnendur sitji reglulega í kennslustundum og veiti kennurum endurgjöf.
- Allir starfmenn fái starfsþróunarsamtöl árlega.
- Huga þarf að því að allir starfsmenn geti sótt starfsmannafundi.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Stuðningur er fjölbreyttir og tekur til flestra þátta í skólastarfinu.
- Námsvísar eru greinargóðir og byggja á aðalnámskrá.
- Grunnþáttum menntunnar er gerð skil í námsvísunum.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.
- Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugun.
- Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi.
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.
- Kennarar nýta teymiskennslu til að auka fjölbreytni í kennsluháttum og til að geta betur sinnt hverjum einstaklingi.
- Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur hafa gott aðgengi að stjórnendum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru almennt virkir í kennslustundum.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda og hann skráður.

Tækifæri til umbóta

- Skrá í námsvísa og kennsluáætlanir hvernig námsaðlögun er háttáð í hverri námsgrein.
- Auka fjölda kennslustunda í vali á unglíngastigi samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Fjölga kennslustundum í list- og verkgreinum á miðstigi skv. viðmiðum aðalnámskrár.
- Kynna enn frekar og hvetja foreldra og nemendur til að nýta námsvísa til eflingar náms.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Gæta þess í stundaskrárgerð að námstími nemenda skerðist ekki þegar farið er á milli húsa í kennslustundir.
- Auka fjölbreytni kennsluhátta og veita nemendum tækifæri til að velja sér námsaðferðir.
- Auka markvisst umræður og skoðanaskipti sem hluta af námi og kennslu.
- Skrá markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlanir.
- Auka samvinnu og samstarf nemenda markvisst í námi og kennslu.
- Þjálfva nemendur í að setja sér markmið í námi.
- Hafa nemendur og foreldra með í ráðum við gerð einstaklingsbundinna námsmarkmiða, þar sem við á.
- Auka tækifæri nemenda til að koma að skipulagi náms- og skólastarfs.
- Kanna og greina ástæður aukins eineltis samkvæmt niðurstöðum úr nemendakönnun í Skólalapsi.

Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er álitíð mikilvægt og samofið daglegu skólastarfi.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Niðurstöður kannana í innra mati eru kynntar starfsmönnum og skólaráði.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru umbætur ræddar meðal starfsmanna.
- Skólinn nýtir niðurstöður ytra mats (samræmd könnunarpróf, Lesferil) í sitt innra mat.
- Innra mat byggir bæði á eigindlegum og meginlegum gagnaöflunarleiðum.

Tækifæri til umbóta

- Gera innramatsáætlun fyrir árið þar sem koma m.a. fram ábyrgðaraðilar og viðmið þar sem það á við.
- Vinna árlega greinargerð um innra mat þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um matið og birta á heimasíðu.
- Meta stefnu skólans reglulega með einhverjum hætti.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að hafa umsjón með innra mati.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Gera langtímaáætlun um innra mati til þriggja til fimm ára.
- Gera árlega umbótaáætlun þar sem koma fram aðgerðir, þátttakendur, tímasetningar, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig meta á árangur aðgerða.
- Kynna niðurstöður kannana formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.

Upplýsingatækni í skólastarfi

Styrkleikar

- Nemendum og foreldrum eru kynnt markmið með notkun upplýsingatækni í námi.
- Upplýsingatækni er eðlilegur þáttur í námi nemenda, einkum á unglingsstigi.
- Reglur um notkun snjalltækja í frímínútum og hádegishléi nemenda voru unnar í samvinnu við nemendur og foreldra.
- Með spjaldtölvum er auðveldara að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Stjórnendur eru jákvæðir gagnvart notkun spjaldtölva og leggja áherslu á breytta kennsluhætti.
- Í upplýsingatækni var unnið með rauntengt verkefni.
- Notkun spjaldtölva auðveldar nemendum utanumhald og skipulag í námi.
- Á hverju hausti eru kynningar fyrir forelda þeirra nemenda sem fá nýjar spjaldtölvur (5. bekkur).
- Lögð er áhersla á við nemendur að spjaldtölvur eru námstæki en ekki leiktæki í skólastarfi.
- Brugðist er hratt við ef hnökrað verður í tæknimálum í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti með notkun upplýsingatækni.
- Gefa nemendum á yngri stigum fleiri tækifæri til að nota upplýsingatækni.
- Huga að því með hagsmunaaðilum hvort í framtíðinni eigi að kaupa spjaldtölvur með lykklaborði með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

- Auka þarf verkefni þar sem áhersla er lögð á samvinnu og samstarf nemenda í UT.
- Hafa reglubundnar kynningar fyrir foreldra um UT yfir skólaárið, þar með talið notkun spjaldtölva í heimanámi.
- Gera verkefnið um spjaldtölvuvæðingu sýnilegra fyrir öllum hlutaðeigandi og kynna markvisst framgang þess og áherslur.
- Nýta upplýsingatækni til námsaðlögunar í kennslustundum.
- Gera öllum hlutaðeigandi ljóst hvar í ferlinu verkefnið um spjaldtölvuvæðingu er statt og hvaða árangurstengdu viðmið eru til grundvallar.
- Huga að því að gera markvissa áætlun um notkun UT í öllum námsgreinum og árgöngum.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	Grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	Gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	Rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Smáraskóla

Smáraskóli er hverfissskóli í Smárahverfi í Kópavogi, stofnaður 1994 og stendur við Dalsmára 1. Einkunnarorð skólans eru *virðing, vöxtur, víska og víðsýni*.

Á haustönn 2019 voru 425 nemendur í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	43	51	50	38	53	34	45	36	24	49
Fjöldi bekkjardeilda	2-3*	2-3*	2-3*	2*	2-3*	2*	2*	2	1	2

*Stjórnumerkt: um er að ræða teymiskennslu þar sem nemendur eru allir í sama árgangi. Ekki er um skiptingu í hefðbundna bekki að ræða en kennsla fer fram í 2-3 hópum eftir fjölda í árgangi og geta hópar verið breytilegir út frá viðfangsefnum hverju sinni. Sérkennsla og stuðningur fara ýmist fram á vettvangi nemenda í vinnuhópum og/eða í sérrými með sérkennara/stuðningsfulltrúa.

Starfsmenn Smáraskóla eru 73 í 64,6 stöðugildum. Stjórnendur eru fimm; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri á eldra stigi, deildarstjóri á yngra stigi og deildarstjóri stoðþjónustu. Stöðugildi í stjórnun eru 4,3. Kennarar eru 40, þar af 6 sérkennarar/þroskaþjálfari. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar eru 13. Þá starfa einnig við skólann náms- og starfsráðgjafi, ritari og umsjónarmaður fasteigna. Talmeinafræðingur og sálfræðingur eru með viðveru við skólann, sálfræðingur 2 daga í viku og talmeinafræðingur 1 dag í viku, samkvæmt verktakasamningi við Kópavogsbæ.

Við skólann er starfandi frístund, þar starfa 13 starfsmenn auk forstöðumanns. Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi frístundar sem er undir daglegri stjórn forstöðumanns.

Fjöldi nemenda sem stunda nám á öðru skólastigi eru tíu. Nemendur af erlendum uppruna eru 59 frá 21 þjóðlandi.

Hér að neðan má sjá fjölda nemenda sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemenda með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál	2	6	4	2	2	2	7	0	1	2
Einstaklingsnámskrá	5	2	2	1	3	1	6	5	1	2
Sérkennsla og aðlagað námsefni	9	8	10	10	11	6	19	8	9	7

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á vorönn 2019 eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	0	0	0	1	4	4
								+ 20 tímar í list- og verkgreinum og valtímum.		

Niðurstöður

Þáttur 1 - Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélags og skólanámskrá. Skólanámskrá skólans er opinber og uppfyllir flest viðmið aðalnámskrár. Þar kemur m.a. fram sýn og stefna skólans, einkunnarorð og gildi þeirra. Einkunnarorð skólans voru þó ekki ljós í vitund viðmælenda í rýnihópum.

Starfsáætlun skólans er nánast að öllu leyti samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár. Áætlun yfirstandandi skólaárs var ekki komin á heimasíðu þegar matið fór fram. Endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar er aðallega í höndum stjórnenda og kennara skólans.

Á skólapingi (samráðsferli/samráðsfundum starfsmanna, foreldra og nemenda skólans) á liðnum vetri þar sem foreldrar, nemendur og starfsmenn komu saman gafst tækifæri til að ræða stefnu skólans varðandi húsnæðismál og nokkur önnur atriði er snerta skólastarfið.

Í daglegu tali og fréttáflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfi og sérstöðu skólans er haldið á lofti, s.s. árlegum gönguferðum nemenda sem eru allt upp í fjögurra daga fjallaferðir elstu nemenda.

Í námsvísun/árganganámskrám er gerð grein fyrir hvernig unnið er að stefnu skólans og sveitarfélagsins, svo sem notkun spjaldtölva í skólastarfi. Skólastjóri situr reglulega fundi með fræðsluviði Kópavogsbæjar þar sem rætt er um ýmis atriði sem snerta stefnumótun sveitarfélagsins í menntamálum.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Á undanförunum 4-5 árum hafa verið miklar mannabreytingar í stjórnun skólans, aðallega hvað varðar skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Viðmælendur voru sammála um að þessar breytingar hafi haft áhrif á allt skólastarf síðustu ára. Má það merkja á áherslum námskrárvinnu, þróun verkefna og samskiptum innan skólans.

Stjórnendur hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf sem birtist meðal annars í því að nú er verið að innleiða teymiskennslu í skólanum. Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu, meðal annars á deilda- og starfsmannafundum. Kennarar eru hvattir til að rýna saman í árangur aðgerða í kennslu með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda.

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans en ekki er skráð reglulega öll sí- og endurmenntun starfsmanna.

Í rýnihópum kom fram að starfsmannahópurinn lítur á sig sem eina liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur en þröng starfsmannaaðstaða og lítil matsalur skapa erfiðleika. Að öllu jöfnu telja

starfsmenn að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöf en þó kom fram gagnrýni á að einstaka ákvarðanir stjórnenda voru ekki bornar undir starfsmenn áður en ákvarðanir voru endanlega teknar og undirbúningur ekki nægur.

Fundaáætlun fyrir skólaárið er til staðar. Haldnir eru reglulegir starfsmannafundir en starfsfólk í frístund, þar á meðal skólaliðar sem vinna fyrri hluta dags í skólanum, hafa ekki tækifæri til að sækja þá. Einu sinni í mánuði funda skólaliðar með stjórnendum.

Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar. Símenntunaráætlun skólans er í starfsáætlun en þar þarf að tilgreina tímasetningar og ábyrgðarmenn verkefna auk endurmenntunar fyrir annað starfsfólk. Einnig þurfa að koma fram einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu og samskipti við foreldrafélag eru jákvæð. Á döfinni er að stjórnendur fundi með stjórn foreldrafélags. Annað hvert ár er leitað eftir sýn foreldra á skólastarfið með könnun á vegum Skólapúlsins en að öðru leyti eru ekki nýttar formlegar leiðir til að leita eftir hugmyndum foreldra. Óformlegar leiðir, s.s. foreldraviðtöl og skólapingið, sem getið var um í fyrra kafla, eru leiðir til að auka samskipti við foreldra.

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum, m.a. fræðslufundum, laufabrauðsgerð, páskabingói og foreldrarölti.

Fjallað er um stoðþjónustu í starfsáætlun en að öðru leyti er hún ekki kynnt hagsmunaaðilum. Í stafsáætlun eru skráð samskipti við önnur skólastig. Í rýnihópum var rætt um ýmis verkefni sem unnin eru í samstarfi við grenndarsamfélagið og má þar nefna heimsóknir nemenda til aldraðra, samstarf við Tónlistarskóla Kópavogs og íþróttahreyfinguna.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess í stefnumótun skólans. Skólaráð fundar reglulega en fundargerðir eru ekki birtar á heimasíðu skólans. Að sögn fulltrúa í rýnihópi er stefnt af því að skólaráð haldi opinn fund fyrir aðila skólasamfélagsins á þessu starfsári.

Frístundastarf skólans er undir stjórn skólastjóra og deildarstjóri yngsta stigs fundar reglulega með forstöðumanni frístundar. Félagsmiðstöðin þeba er starfandi í húsnæði skólans og reglulega eru fundir með forstöðumanni hennar. Nemendaráð skólans og stjórn félagsmiðstöðvar (þebustjórn) starfa náið saman að félagsmálum nemenda.

Í rýnihópum kom fram að oft sé rætt um jákvæðan skólabrag, m.a. á skólasetningum, en hins vegar hefur reglugerð um réttindi og skyldur skólasamfélagsins nr. 1040/2011 ekki verið kynnt formlega fyrir foreldrum. Í rýnihópi kom einnig fram áhugi á því að stjórnendur sendi reglulega, t.d. mánaðarlega, póst til heimila með fréttum af skólastarfi.

Í foreldrakönnun Menntamálastofnunar sem lögð var fyrir 14.-27. október 2019 telja 85% foreldra að barninu sínu líði vel og finnist það öruggt í skólastarfinu. Þá telja um 90% foreldra að barnið taki stöðugum framförum í náminu og fái hvatningu og nægar áskoranir til þess.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda, niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs og til að meta ferli og árangur skólastarfsins. Ýmsar skimanir og

kannanir eru nýttar til að bæta líðan og námsárangur nemenda, t.d. reglubundnar kannanir vegna læsis, skimanir til að finna sértæk vandamál, Skólapúlsinn og tengslakannanir.

Ýmis þróunar- og nýbreytniverkefni eru í gangi, s.s. innleiðing UT, Grænfánaverkefni og Heilsueflandi skóli og teymi stýra því starfi. Skráð er innan skólans hverjir eru ábyrgðaraðilar slíkra verkefna og þeir sem og aðrir starfsmenn geta fengið ráðgjöf og stuðning við þróunarvinnu. Framgangur þróunarvinnu er skráður hjá teyllum og fundargerðir nokkurra þeirra eru birtar á innra neti skólans en ekki aðgengilegar öðrum í skólasamfélaginu.

Í símenntunaráætlun sem byggir á stefnu skólans og fræðsluyfirvalda í Kópavogi er gert ráð fyrir starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast. Þar er rætt um ráðgjöf í sambandi við spjaldtölvuvæðingu og fræðslu varðandi teymiskennslu.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu en þó eru þar upplýsingar sem þarf að uppfæra svo sem starfsáætlun skólans. Einnig ætti að fjarlægja innkaupalista og annað efni sem á ekki lengur við.

Í rýnihópi foreldra kom fram að sátt ríkir um stjórnendur skólans. Starfsfólk er almennt sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt, þó kom fram að bæta mætti daglegt upplýsingastreymi til allra starfsmanna, sérstaklega hvað varðar skyndilegar breytingar á dagsskipulagi.

Leitast er við að leysa sem fyrst ágreiningsmál, ef upp koma. Í skólanum er ekki til skráð ferli um lausn ágreiningsmála í starfsmannahópi og í starfsmannastefnu Kópavogsbæjar er ekki að finna skráða verkferla í slíkum málum.

Í tengslum við stefnu skólans um Uppeldi til ábyrgðar eiga allir bekkir/árgangar að gera bekkjarsáttmála og eru þeir sýnilegir í flestum kennslustofum. Almennar skólareglur hafa ekki verið endurskoðaðar í nokkur ár. Gæta þarf þess að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun þeirra og að viðurlög séu í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011. Á þessu skólaári voru gerðar reglur um skjánotkun í frímínútum og komu nemendur, foreldrar og starfsmenn að gerð þeirra.

Starfsmönnum hefur verið kynnt lög um persónuvernd og trúnað en verktökum og öðrum sem starfa tímabundið í skólanum hefur ekki verið skylt að skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.

Skráð er hvar nemendur eiga aðkomu í nefndum og ráðum, s.s. skólaráði, nemendaráði og umhverfisráði en ekki er til ákveðið verklag fyrir nemendur til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.

Forvarnaráætlun sem snertir ávana- og fíkniefni er í vinnslu, að því er fram kemur í skólanámskrár (bls. 25 almennur hluti).

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli. Þeir fylgjast óformlega með störfum allra starfsmanna en fylgjast ekki reglulega með námi og kennslu eða veita endurgjöf.

Þess er gætt að nýir starfsmenn fái sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið en mismunandi er eftir störfum hver kemur þeim upplýsingunum á framfæri. Þess er einnig gætt að nýir kennarar fái stuðning frá reyndari kennurum. Sérstakur gátlisti eða nýliðahandbók er ekki til staðar.

Samkvæmt viðtölum við starfsmenn fá kennarar reglulega starfsþróunarsamtöl einu sinni til tvisvar á ári en það á ekki við um aðra starfsmenn.

Leitast er við að skipa kennslu þannig að menntun og sérhæfing kennara nýtist sem best.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur sækja sér endurmenntun sem eflir þá í starfi og sem faglega leiðtoga. Stjórnendur dreifa ábyrgð og mannauður er vel nýttur, leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu. Í rýnihópum kom fram að starfsfólki finnst það njóta trausts og hafi möguleika til að bera ábyrgð á verkefnum.

Skólastjórnendur telja mikilvægt að huga að heilsu starfsmanna sem og nemenda. Í þeim tilgangi tekur skólinn þátt í ýmsum utanaðkomandi verkefnum eins og Göngum í skólann og Hjólað í vinnuna og boðið hefur verið upp á heilsufarsmælingar. Auk þess er skólinn þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi skóli og í tengslum við það eru ýmsir viðburðir á vegum skólans sem tengjast heilbrigði og hollustu, s.s. fjölgreindarleikar. Sérstaða skólans er m.a. göngu- og fjallaferðir sem nemendur og starfsmenn taka þátt í.

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla að mestu öll viðmið aðalnámskrár.
- Stefna skólans og sveitarfélagsins er sýnileg í skólastarfinu.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir í kennslu eru ræddar.
- Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu.
- Skólalöng er góður vettvangur til að leita eftir sýn og hugmyndum skólasamfélagsins.
- Skólaráð fundar reglulega og tekur virkan þátt í stefnumótun skólans.
- Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.
- Niðurstöður mats og mælinga eru nýttar til umbóta.
- Kannanir meðal nemenda og foreldra sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda og annarra starfsmanna.
- Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á ýmsum verkefnum.
- Samkvæmt foreldrakönnun MMS eru foreldrar almennt ánægðir með þá þætti sem snúa að námi og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Hafa samráð við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótum og endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar.

- Endurskoða stefnu skólans reglulega.
- Vinna markvisst með einkunnarorð skólans með nemendum og gera þau sýnilegri í skólastarfinu.
- Setja starfáætlun á heimasíðu í upphafi skólaárs og endurskoða ýmis gögn á síðunni.
- Gæta þess að undirbúa nýbreytniverkefni vandlega með öllum hlutaðeigandi.
- Vinna að símenntunaráætlun/starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn þar sem fram koma tímasetningar, ábyrgðaraðilar og hvernig einstaklingar geta sótt sér starfsþróun.
- Kynna öllum hagsmunaaðilum reglugerð um réttindi og skyldur allra aðila skólasamfélagsins.
- Kynna markvisst fyrir foreldrum stoðþjónustu skólans og sveitarfélagsins.
- Birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu.
- Skrá verklag hvernig gögn um árangur og líðan nemenda, s.s. kannanir og skimanir, eru nýtt til eflingar árangurs.
- Gera fundargerðir teyma sýnilegar og opinberar.
- Gæta þess að hagsmunaaðilar skólasamfélagsins komi að endurskoðun skólareglna.
- Láta verktaka og aðra sem vinna tímabundið í skólanum skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.
- Stjórnendur sitji reglulega í kennslustundum og veiti kennurum endurgjöf.
- Allir starfsmenn fái starfsþróunarsamtöl árlega.
- Huga þarf að því að allir starfsmenn geti sótt starfsmannafundi.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Reynt er að koma til móts við nemendur þannig að þeir fái nám í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár. Námsvísar og áætlanir endurspeglar þessar áherslur, s.s. um eflingu læsis og áherslur sveitarfélags en ekki kemur fram hvernig aðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni. Á námskynningu í byrjun skólaárs eru námsvísar kynntir foreldrum og nemendum. Þrátt fyrir það kom fram í viðtölum að foreldrar og nemendur virðast vera lítt kunnugir innihaldi þeirra til eflingar náms.


Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í skólanámskrá og að einhverju leyti getið í kennsluáætlunum. Í námsvísunum kemur fram hvernig markmið tengjast lykilhæfni. Í áætlunum um sérstakan stuðning, þ.e í vinnuskjali deildarstjóra stoðþjónustu, kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er háttað í grófum dráttum. Að jafnaði fer sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fram innan námsumhverfis bekkjarins en þó er tekið tillit til mismunandi þarfa nemenda. Að sögn kennara hefur ávinningur að teymiskennslu orðið sá að sérkennsla verður auðveldari í bekkjarumhverfi. Stuðningur við nemendur er fjölbreyttur, s.s. sérkennsla, kennsla nemenda með annað tungumál en íslensku, þroskaþjálfun og stuðningsfulltrúar. Nemendur sem þurfa sértæka aðstoð hafa einstaklingsnámskrár sem gerðar eru á ábyrgð umsjónarkennara í samstarfi við sérkennara/þroskaþjálfara. Aðkoma foreldra og nemenda að gerð einstaklingsnámskráa er hverfandi.

2.2 Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda og hann skráður. Unnið er með niðurstöður námsmats til að auka framfarir nemenda. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats, m.a. frá ytri aðilum eins og samræmdum könnunarprófum og Lesferli til þess að efla námslega stöðu nemenda. Hins vegar er ekki gerð formlega áætlun um hvernig brugðist skuli við ef grípa þarf til aðgerða. Í skólanámskrá er fjallað um námsmat skólans og fjölbreytni þess en ekki gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.


Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnakvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

Árangur nemenda 4. bekkjar í samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði hefur eflst frá 2017 og er nú verulega yfir landsmeðaltali (sjá mynd 1).




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk í samræmdum könnunarprófum.

Árangur 7. bekkjar í íslensku er um landsmeðaltal og rétt yfir í stærðfræði (sjá mynd 2).




Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk í samræmdum könnunarprófum.

Árið 2017 tóku nemendur samræmd próf í 9. bekk í stað 10. og verður svo áfram. Árangur nemenda í 9. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku hefur verið yfir landsmeðaltali. Síðustu tvö ár hefur árangur mælst bestur í stærðfræði (sjá mynd 3).




Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk í samræmdum könnunarprófum.

Árangur í 10. bekk hefur mælst svipaður milli ára en jókst nokkuð árið 2014 og mældist nokkuð yfir landsmeðaltali. Árið 2015 dalaði árangurinn og fór undir meðaltal en jókst lítillega aftur 2017 (sjá mynd 4).




Mynd 4. Árangur nemenda í 10. bekk í samræmdum könnunarprófum.

Þegar heildar árangri árganga í íslensku er fylgt eftir er hann yfir meðaltali í öllum árgöngum nema þremur. Árangur í stærðfræði er yfir meðaltali nema í árgangi 2008 og 2009. Í báðum fögum fer árangur milli fjórða og sjöunda bekkjar dalandi (sjá mynd 5).



Mynd 5. Heildarárgangur nemenda í samræmdum könnunarprófum.

Myndin hér að neðan sýnir leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit). Þegar línuritíð er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda skólans (bláa línan) er fyrir ofan landsmeðaltal (rauða línan) fyrir utan 8. bekk.



Mynd 6. Sýnir annars vegar hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiða og hins vegar meðaltal lesinna orða og viðmið Smáraskóla.


Skólinn nýtir frammistöðumat í Mentor til að afla upplýsinga um líðan nemenda og fleiri þætti. Í matinu gefst nemendum einnig tækifæri til að meta námslega stöðu sína í þeim fögum sem skólinn velur sem og kennaranum. Er þetta vísir að sjálfsmati nemenda á eigin námstöðu.

Skólinn tekur þátt í könnunum á vegum Skólalúpsins sem lögð er fyrir nemendum í 6.-10. bekk og sýna niðurstöður að ýmsir þættir þar eru marktækt yfir og undir landsmeðaltali. Sem dæmi um þætti sem eru yfir landsmeðaltali má nefna aga í tímum og trú á eigin námsgetu. Í heildina kemur fram að líðan nemenda í Smáraskóla er álíka og annarra nemenda sem svara Skólalúpsí. Þó virðist sem vellíðan hafa minnkað hjá einstaka árgöngum síðast liðin ár. Þá sýna niðurstöður að sá matsþáttur sem snýr að einelti er marktækt yfir landsmeðaltali.

2.3. Gæði kennslu

Kennslustundir eru metnar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleyti sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á fumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugunum, sem og kennslufræðileg hæfni kennara. Skipulag kennslu og verkefna er almennt gott og námstími nemenda er vel nýttur nema í tengslum við íþróttir, sund og kennslu í útistofum ef engar frímínútur er á milli kennslustunda. Matsmenn voru á vettvangi í 37 kennslustundum hjá öllum námshópum og flestum kennurum. Eins og myndin ber með sér eru fræðandi kennslustundir 73% og þær því í miklum meirihluta samkvæmt vettvangsathugunum. Leiðbeinandi kennslustundir eru 16% (sjá mynd 7).



Mynd 7. Kennsluáherslur.


Markmið kennslu er skráð í námsvísunum en ekki í kennsluáætlunum. Matsmenn heyrðu ekki rætt um markmið eða hæfniviðmið einstakra kennslustunda á vettvangi. Í skólanámskrá kemur fram að námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum, t.d. kannanir, próf, verkefnaskil og sjálfsmat. Á vettvangi á yngsta stigi mátti sjá nemendur tileinka sér sjálfsmat.

Í kennsluáætlunum er tekið mið af mati á stöðu árgangsins og því námsefni sem nýtt er en ekki er tekið mið af mati á stöðu einstakra nemenda. Með því að þróa teymiskennslu í skólanum er reynt að koma betur til móts við námsmarkmið hvers og eins. Komið er til móts við bráðgera nemendur með hraðari yfirferð og unglingar geta tekið framhaldsskólaeiningar í ákveðnum námsgreinum.

2.4 Skipulag náms

Kennarar/kennarateymi vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan árganga, einkum á yngsta og miðstigi. Þeir nýta teymiskennslu og bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms. Í rýnihópum kom fram að nemendur vinna að samþættum verkefnum og var þar nefnt sem dæmi myndlist og upplýsingatækni, leiklist og tónlist og samfélagsfræði og íslenska.

Kennslustundir eru einnig metnar út frá námsathöfnum sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinna), samvinna eða blöndu af hvoru tveggja. Í kennslustundum á vettvangi unnu nemendur einstaklingslega við nám í 62% kennslustunda. Markviss samvinna var í 16% kennslustunda og í 22% kennslustunda mátti sjá blöndu að þessu tvennu. Á vettvangi kom fram að umræður og skoðanaskipti voru ekki markvisst notuð nema í litlum hluta kennslustunda (sjá mynd 8). Það var helst í verklegum greinum að stutt var við sköpunarþörf nemenda.



Mynd 8. Námsathafnir.

Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara í Mentor þar sem m.a. eru skráð hæfniviðmið í hverju fagi. Foreldrar í rýnihópi höfðu mismunandi upplifun af skráningum í Mentor, þ.e. hversu miklar og nákvæmar þær væru og var það mismunandi eftir árgöngum.

Kennslustundafjöldi nemenda á viku í hverri námsgrein er skv. viðmiðum aðalnámskrár nánast að öllu leyti. Í list-og verkgreinum á miðstigi (5.-7.bekkur) eru nemendur samtals 700 mínútur í stað 840 mínútna skv. viðmiðum aðalnámskrár. Á unglíngastigi eiga valtið að vera fimmtungur námstímans eða rúmlega sjö kennslustundir á viku í hverjum árgangi. Nemendur í 8. og 9. bekk eiga möguleika á að velja 4.5 stundir á viku og nemendur í 10. bekk 5,5 stundir.

Grenndarsamfélag skólans er nýtt í skólastarfi og má þar t.d. nefna heimsóknir í Gerðarsafn, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Salinn.

2.5 Námsvitund

Almennt sýna nemendur námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Að sögn nemenda taka þeir þátt í að setja sér markmið í námi og minnst þar helst á frammistöðumat í Mentor í tengslum við foreldraviðtöl þar sem nemendur þjálfast í að meta líðan sína og námsframvindu.

Nemendum voru ekki ljós markmið og viðmið um árangur sem birt eru í námsvísunum en töldu að þessar upplýsingar gætu þeir séð í Mentor.

Nemendur og foreldrar eru ekki með í ráðum við að setja einstaklingsbundin námsmarkmið að öðru leyti en því að foreldrar þurfa að undirrita einstaklingsnámskrár og sitja í teyllum sem funda reglulega og fjalla um framvindu námsins.

Áhugasvið nemenda eru helst sýnileg í verkefnum sem tengjast upplýsingatækni og í listasmiðjum eftir að skylduverkefnum lýkur.

Nemendur gera sér grein fyrir að hægt er að nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar en eiga ekki oft kost á að velja sér námsaðferðir að þeirra mati.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu að mati viðmælenda í rýnihópum. Sjórnarmiða er aflað með könnunum í Skólapúlsi og tengslaskönnunum og að sögn starfsmanna leita nemendur beint til kennara og stjórnenda þegar þurfa þykir.

Nemendur virðast ekki gera sér grein fyrir hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og umhverfi. Þegar leitað er eftir sjónarmiðum nemenda snýr það oftast að líðan og félagslegum aðstæðum en ekki námi og fyrirkomulagi skólastarfs. Á bekkjarfundum fá nemendur tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri en slíkir fundir eru ekki reglulega í öllum bekkjum skólans. Nemendur höfðu aðkomu að gerð reglna um skjánotkun í frímínútum og nemendaráðið hefur mikil áhrif á ákvarðanatöku sem snýr að félagslífi nemenda.

Nemendafulltrúar í skólaráði og í öðrum nefndum á vegum skólans fá ekki formlega þjálfun til starfa en að sögn nemenda í skólaráði fengu þeir handbók um skólaráð í upphafi starfa. Kennari er til aðstoðar þeim nemendum sem starfa í nemendaráði. Stjórn nemendafélags skólans og Þeburáð (félagsmiðstöðin) eru í nánú samstarfi. Þeir sem starfa í nemendaráði koma oftast upplýsingum til annarra nemenda með óformlegum hætti. Þar sem fundargerðir skólaráðs eru ekki opinberar á hinn almenni nemandi ekki greiðan aðgang að upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru þar.

Styrkleikar

- Stuðningur er fjölbreyttir og tekur til flestra þátta í skólastarfinu.
- Námsvísar eru greinargóðir og byggja á aðalnámskrá.
- Grunnþáttum menntunnar er gerð skil í námsvísunum.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.
- Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugun.
- Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi.
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.
- Kennarar nýta teymiskennslu til að auka fjölbreytni í kennsluháttum og til að geta betur sinnt hverjum einstaklingi.
- Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur hafa gott aðgengi að stjórnendum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru almennt virkir í kennslustundum.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda og hann skráður.

Tækifæri til umbóta

- Skrá í námsvísa og kennsluáætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein.

- Auka fjölda kennslustunda í vali á unglíngastigi samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Fjölga kennslustundum í list-og verkgreinum á miðstigi skv. viðmiðum aðalnámskrár.
- Kynna enn frekar og hvetja foreldra og nemendur til að nýta námsvísa til eflingar náms.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Gæta þess í stundaskrárgerð að námstími nemenda skerðist ekki þegar farið er á milli húsa í kennslustundir.
- Auka fjölbreytni kennsluhátta og veita nemendum tækifæri til að velja sér námsaðferðir.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda (náms- og hæfniviðmiða).
- Auka markvisst umræður og skoðanaskipti sem hluta af námi og kennslu.
- Skrá markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlanir.
- Auka samvinnu og samstarf nemenda markvisst í námi og kennslu.
- Þjálfa nemendur í að setja sér markmið í námi.
- Hafa nemendur og foreldra með í ráðum við gerð einstaklingsbundinna námsmarkmiða, þar sem við á.
- Auka tækifæri nemenda til að koma að skipulagi náms- og skólastarfs.
- Kanna og greina ástæður aukins eineltis samkvæmt niðurstöðum úr nemendakönnun í Skólalúsi.

Þáttur 3 - Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitíð mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu og er samfið daglegu skólastarfi samkvæmt því sem kom fram í viðtölum. Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati, þar er tímasett tafla og verkefni ásamt því hverjir eru þátttakendur en ekki getið um ábyrgðaraðila eða viðmið sett um einstaka þætti. Langtímaáætlun (3-5 ár) þar sem sést að allir þættir skólastarfs eru metnir reglulega er ekki til staðar.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram með einhverjum hætti. Ekki hefur tíðkast að stjórnendur meti kennslu og veiti endurgjöf en í vinnuáætlun þessa vetrar er það eitt af verkefnum innra mats.

Matsþættir snúast mest um líðan og árangur, þ.á.m. staðlaðar spurningar til nemenda og foreldra í Skólápúlsi en stefna skólans er ekki metin, s.s. spjaldtölvuvæðing, Uppeldi til ábyrgðar, Skóli á grænni grein, Vinaliðaverkefni, Heilsueflandi grunnskóli og sérstaða skólans, gönguferðir.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla eru metin reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og gagnaöflunaraðferðum, s.s. Skólápúlsinn (nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir), samræmd könnunarpróf, tengslakannanir, starfsmannasamtöl, samtöl við nemendur og nú er á framkvæmdalista mat á kennslu og endurgjöf af hálfu stjórnenda.

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda og teymi er starfandi sem skipað er kennurum og stjórnanda. Aðrir hagsmunaaðilar, svo sem aðrir starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa ekki bein áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Skólaráði, þar sem allir hagsmunaaðilar sitja, eru kynntar áætlanir og niðurstöður en hefur ekki bein áhrif á hvaða leiðir eru farnar eða framkvæmd matsins.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila; starfsmanna, nemenda og foreldra. Að mestu er um að ræða öflun megindlegra gagna nema starfsmanna- og nemendaviðtöl svo og skólaping sem haldið var á liðnu skólaári.

3.3 Umbætur

Árleg greinargerð um innra mat þar sem lýst er framkvæmd matsins og helstu niðurstöðum er ekki til staðar fyrir skólaárið 2018-2019 en á heimasíðu eru slíkar greinargerðir frá fyrri árum.

Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar á kennara- og starfsmannafundum og þá eiga sér jafnframt stað samræður um þróun og endurbætur. Aðrar formlega kynningar eru ekki nema hjá skólaráði.

Umbótaáætlun, þar sem fram kemur hvaða aðferðir á að nota, tímasetningar, þátttakendur, ábyrgðaraðilar, viðmið ef við á og hvenær og hvernig meta á umbætur, er ekki til staðar fyrir yfirstandandi skólaár. Í kafla í starfsáætlun sem heitir Umbótaáætlun er fjallað um hvað skólinn mun leggja áherslu á í kjölfar niðurstaðna kannana. Þar er nefnt að bæta áhuga og umhverfi nemenda varðandi lestur og vinna markvisst eftir lestarstefnu Smáraskóla. Þá er fjallað um samband kennara og

nemenda sem þurfi alltaf að vera til fyrirmyndar og vilji er til að bæta enn frekar svo og virkni nemanda í skólanum og agi í tímum.

Að mati viðmælenda í rýnihópum er brugðist fljótt við ef umbóta er þörf þó þær snúi ekki beint að þeim niðurstöðum sem fram koma í könnunum. Þar var t.d. bent á aðgerðir sem snerta umferðaröryggi og skólalóð.

Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt og samofið daglegu skólastarfi.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Niðurstöður kannana í innra mati eru kynntar starfsmönnum og skólaráði.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru umbætur ræddar meðal starfsmanna.
- Skólinn nýtir niðurstöður ytra mats (samræmd könnunarpróf, Lesferil) í sitt innra mat.
- Innra mat byggir bæði á eigindlegum og megindelegum gagnaöflunarleiðum.

Tækifæri til umbóta

- Gera innramatsáætlun fyrir árið þar sem koma m.a. fram ábyrgðaraðilar og viðmið þar sem það á við.
- Vinna árlega greinargerð um innra mat þar sem koma fram grundvallarupplýsingar um matið og birta á heimasíðu.
- Meta stefnu skólans reglulega með einhverjum hætti.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að hafa umsjón með innra mati.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Gera langtímaáætlun um innra mati til þriggja til fimm ára.
- Gera árlega umbótaáætlun þar sem koma fram aðgerðir, þátttakendur, tímasetningar, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig meta á árangur aðgerða.
- Kynna niðurstöður kannana formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.

Þáttur 4 – Upplýsingatækni í skólastarfi

Matsviðmið fjórða þáttar voru unnin af sérfræðingum Kópavogsbæjar og matsmönnum Menntamálastofnunar við upphaf innleiðingar spjaldtölvuverkefnisins. Viðmiðin taka mið af megintilgangi ytra mats, það er að skoða nám og námsaðstæður nemenda og markmiðum spjaldtölvuverkefnis Kópavogsbæjar. Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þáttinn hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi þáttur er ekki tekinn með í prófíl mynd skólans.


4.1 Nám nemenda og notkun þeirra á tækni

Allir nemendur í 5.-10. bekk fá spjaldtölvu til einkaafnota frá sveitarfélaginu innan og utan skóla, þó fá 5. bekkingar í Smáraskóla sínar tölvur ekki afhentar heim til einkanota fyrr en líður að jólum. Í 1.-4. bekk eru notuð bekkjarsett sem eru í skólanum og þar er strax lögð áhersla á að nemendur líti á spjaldtölvur sem námstæki. Í byrjun innleiðingar spjaldtölvu áttu allir nemendur að fara með spjöldin heim sem eðlilegan hluta af náminu en nú hefur orðið breyting á og foreldrar geta óskað eftir að nemendur taki þau ekki heim. Þegar nemendur fá afhentar spjaldtölvur eru þeim kynnt markmið og tilgangur og lögð áhersla á að ekki sé um leiktæki að ræða heldur námstæki. Í viðtali við tölvuumsjónarmann kom fram að það er m.a. þess vegna sem 5. bekkingar fá ekki sínar tölvur heim fyrr en þeim er orðið tamt að nota þær sem námstæki. Nemendur nefndu að þeir hefðu verið upplýstir um netöryggi.

Á vettvangi nýttu nemendur aðallega upplýsingatækni til einstaklingsvinnu. Skapandi verkefni mátti helst sjá þegar búnaður voru til glærुकyningar á verkefnum. Nemendur fengu þá að ráða útfærslu innan ákveðins ramma. Að sögn nemenda nýta þeir spjaldtölvur mest við skrif á ritgerðum og til að finna heimildir. Þeir nefndu líka í einum árgangi að þeir nýttu spjaldtölvuna til að skila heimalestri. Það kom fram á vettvangi að nemendur fóru stundum í gagnvirk verkefni t.d. á vefinn mms.is. Rauntengd verkefni sem snúa að upplýsingatækni mátti sjá í valgrein sem tengist henni. Á vettvangi virtist upplýsingatækni vera eðlilegur hluti af námi nemenda og stundum fengu þeir sjálfir að velja forrit sem hentaði við úrlausn verkefna.

Skólinn hefur í samstarfi við foreldrafélagið og nemendur útbúið reglur er snúa að notkun snjalltækja í frímínútum og hádegishléum nemenda. Markmið þessara reglna er að nemendur nýti námshlé til beinna samskipta sín á milli en hafa ekki leyfi til að nýta snjalltæki. Skólinn og foreldrafélagið hafa keypt tæki til tómsundaiðkunar, s.s. borðtennisborð fyrir nemendur sem þeir nýta í hléum. Nemendur eru fremur jákvæðir vegna þessara breytinga en þó heyrast neikvæðar raddir inn á milli. Matsmenn sáu reglur um notkun snjalltækja í flestum kennslustofum.

Í kennslustundaathugunum matsmanna á notkun snjalltækja reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd. Snjalltæki voru nýtt í námi hjá nemendum frá 1.-10. bekk í 41% kennslustunda sem metnar voru og í tíu mismunandi námsgreinum. Notkunin var mest á unglingsstigi eða í níu kennslustundum. Enginn nemandi nýtti snjalltæki í 1.-4. bekk. Kennarar nýttu upplýsingatækni í 14% kennslustunda á vettvangi (sjá mynd 9).



Mynd 9. Notkun nemenda og kennara á snjalltækjum í kennslustundum.

Í viðtali við nemendur kom fram að þeir telja meiri fjölbreytni í námi með tilkomu spjaldtölva og þær auðvelda þeim skipulag, þ.e. að halda utan um nám sitt. Nemendur nýta sér rafrænt námsefni til náms og á það einkum við í unglingadeild.

Í rýnihópi foreldra kom fram að skiptar skoðanir eru um hvort æskilegt er að lyklaborð fylgi spjaldtölvum og bentu sumir foreldrar á mikilvægi þess að nemendur lærðu rétta fingrasetningu, m.a. vegna framhaldsnáms.

4.2 Kennsluhættir

Kennarar nýta rafrænt námsefni að hluta til við nám og kennslu. Það kom fram í viðtölum við kennara að auðveldara er að kom til móts við ólíkar þarfir nemenda með rafrænu námsefni, einkum í sérkennslu. Á vettvangi var ekki hægt að sjá að hugað væri sérstaklega að mismunandi námsaðlögun að öðru leyti. Að einhverju marki eru sett fyrir heimaverkefni sem krefjast notkunar upplýsingatæki. Virðist sem mismunur sé eftir árgöngum/bekkjum og voru heimaverkefnin aðallega tengd ritgerðarvinnu og heimalestri. Að sögn foreldra finnst þeim heimavinna sem framkvæmd er í spjaldtölvum vera einhæf en notkun hefur farið vaxandi að þeirra mati síðast liðin ár.

Kennarar þekkja þau markmið sem liggja til grundvallar notkunar á spjaldtölvum. Áhersla var lögð á kynningu við innleiðingu spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs og frá upphafi hafa ráðgjafar verið til staðar fyrir kennara. Þá bentu kennarar á að á vefnum spaldtolvur.kopavogur.is væri að finna ýmsar leiðbeiningar.

Á vettvangi var um fremur einsleita vinnu að ræða hjá nemendum og þeir ekki hvattir til að fara ólíkar leiðir að námsmarkmiðum nema við útfærslu einstaka verkefna. Í námsvísun er ekki lögð mikil áhersla á hvernig UT tengist hæfniviðum námsgreina og námsmati. Mest er rætt um hvernig nemendur geta nýtt UT til að skila verkefnum til kennara og fá endurgjöf frá þeim.

4.3 Samskipti heimilis og skóla

Í upphafi innleiðingar spjaldtölva var foreldrum kynnt markmið og framkvæmd verkefnis áður en barnið fékk afhent tæki. Á hverju hausti eru kynningarfundir fyrir foreldra þeirra nemenda sem fá

spjaldtölvur (5. bekkur) og rætt um tilgang og markmið notkunar. Í foreldrakönnun Menntamálastofnunar sem lögð var fyrir 14.-27. október s.l., kom fram að 80% foreldra segist hafa fengið kynningu á markmiðum og framkvæmd spjaldtölvuverkefnis en 75% foreldra segjast ekki hafa fengið reglulega kynningu hvaða námstengd verkefni barnið vinnur með. Tæplega 57% foreldra hafa ekki fengið fræðslu um tilgang og markmið notkunar spjaldtölvu heima.

Í rýnihópi foreldra kom fram gagnrýni á það að geti foreldri ekki mætt á kynningarfund sé erfitt að fá þær upplýsingar sem þar koma fram. Allir geta þó nýtt sér vefinn spaldtolvur.kopavogur.is en þar eru m.a. upplýsingar fyrir foreldra ásamt möguleika á að senda fyrirspurnir.

4.4 Stjórnun

Í byrjun innleiðingar á spjaldtölvuvæðingu í Kópavogi voru kynningar fyrir alla hlutaðeigandi. Núna er ekki að finna á vef verkefnisins það ferli sem lagt var upp með og þau markmið sem sett voru nema að litu leyti en slóð er þar á ritið *Breyttir kennsluhættir í Kópavogi* (2016) og þar má lesa um markmiðin. Viðmið um árangur af verkefninu eru ekki sýnileg. Viðmælendur í rýnihópum voru ekki nema að litlu leyti meðvitaðir um markmið og framgang spjaldtölvuvæðingarinnar.

Stjórnendur skólans eru jákvæðir gagnvart áherslum í upplýsingatæki og vilja leggja áherslu á breytta kennsluhætti og notkun starfrænnar tækni í námi. Kennarar fá svigrúm til endurmenntunar, þ.e. hvað varðar notkun stafrænnar tækni og einu sinni í mánuði eru svo kallaðar Menntabúðir þar sem kennarar hittast til að auka þekkingu og miðla upplýsingum sín á milli.

Á vettvangi kom fram áhugi stuðningsfulltrúa á að taka þátt í verkefninu um spjaldtölvuvæðingu í grunnskólum þar sem þeir vinna með nemendum sem nýta spjaldtölvur mikið í sínu námi.

Starfsmenn voru sammála um að skjótt væri brugðist við ef tækni virkaði ekki og reynt að leita lausna sem fyrst.

Styrkleikar

- Nemendum og foreldrum eru kynnt markmið með notkun upplýsingatækni í námi.
- Upplýsingatækni er eðlilegur þáttur í námi nemenda, einkum á unglingastigi.
- Skólinn hefur í samstarfi við foreldrafélagið og nemendur útbúið reglur er snúa að notkun snjalltækja í frímínútum og hádegishléum nemenda.
- Með spjaldtölvum er auðveldara að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Stjórnendur eru jákvæðir gagnvart notkun spjaldtölva og leggja áherslu á breytta kennsluhætti.
- Í upplýsingatækni var unnið með rauntengt verkefni.
- Notkun spjaldtölva auðveldar nemendum utanumhald og skipulag í námi.
- Á hverju hausti eru kynningar fyrir forelda þeirra nemenda sem fá nýjar spjaldtölvur (5. bekkur).
- Lögð er áhersla á við nemendur að spjaldtölvur eru námstæki en ekki leiktæki í skólastarfi.
- Brugðist er hratt við ef hnökrar verða í tæknimálum í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti með notkun upplýsingatækni.
- Gefa nemendum á yngri stigum fleiri tækifæri til að nota upplýsingatækni.

- Huga að því með hagsmunaaðilum hvort í framtíðinni eigi að kaupa spjaldtölvur með lyklaborði með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Auka þarf verkefni þar sem áhersla er lögð á samvinnu og samstarf nemenda í UT.
- Hafa reglubundnar kynningar fyrir foreldra um UT yfir skólaárið, þar með talið notkun spjaldtölva í heimanámi.
- Gera verkefnið um spjaldtölvuvæðingu sýnilegra fyrir öllum hlutaðeigandi og kynna markvisst framgang þess og áherslur.
- Nýta upplýsingatækni til námsaðlögunar í kennslustundum.
- Gera öllum hlutaðeigandi ljóst hvar í ferlinu verkefnið um spjaldtölvuvæðingu er statt og hvaða árangurstengdu viðmið eru til grundvallar.
- Huga að því að gera markvissa áætlun um notkun UT í öllum námsgreinum og árgöngum.